

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Viðauki við láncsamning við Arion banka

Dags: 8. október 2024

Málsnúmer: 202401164/2.25

Sendandi: Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð Mosfellsbæjar veiti Pétri Jens Lockton, sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs heimild til að undirrita viðauka við láncsamning við Arion banka hf. frá 29.01.2015 um lánalínu að fjárhæð 750 m.kr. sem gildir til 20.11.2025.

Greinargerð:

Til þess að mæta sveiflum í greiðsluflæði hefur Mosfellsbær nýtt sér skammtímafjármögnun í formi yfirdráttarheimilda og skammtímalántöku hjá viðskiptabönkum og Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Það hefur reynst vel fyrir bæinn að hafa góðan aðgang að skammtímafjármögnun svo að ætíð sé hægt að standa við fjárskuldbindingar bæjarins óháð mögulegum töfum eða sveiflum í greiðslum til bæjarins frá hinu opinbera, viðskiptavinum bæjarins eða vegna tafa við langtímafjármögnun. Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar frá 2008 hefur fjármálastjóri heimild til töku og undirritunar skjala vegna skammtímalána og yfirdráttar hjá bankastofnunum til að mæta sveiflum með það að markmiði að ætíð sé unnt að standa við fjárskuldbindingar bæjarins.

Bærinn hefur lánalínur hjá eftirtöldum aðilum:

- Íslandsbanka skv. samningi frá 21.03.2019 sem gefur aðgang að 750 m.kr. lánalínu í formi yfirdráttarláns. Samningurinn er án vaxtakostnaðar nema þegar lánalínan er nýtt. Bæjarráð samþykkti að framlengja samninginn í janúar sl. og gildir hann til 01.03.2025.
- Lánasjóði sveitarfélaga ohf. skv. samþykkt bæjarráðs í janúar sl. sem gaf heimild til töku skammtímaláns hjá sjóðnum fyrir allt að 750 m.kr. á árinu 2024 upp í fyrirhugaðar langtímalántökur hjá sjóðnum.
- Arion banka skv. samningi frá 29.01.2015 sem gefur bænum aðgang að 750 m.kr. lánalínu í formi yfirdráttarláns. Samningurinn er án vaxtakostnaðar nema þegar lánalínan er nýtt. Bæjarráð samþykkti í október sl. að framlengja samninginn til 20.11.2024.

Virðingarfyllt,
Pétur Jens Lockton

Fylgiskjal:

- Viðauki við láncsamning nr. 315-26-229